


Sjúklingar ánægðir með matinn

Viðhorf sjúklinga til máltíðabjónustu Landspítala var kannað með þjónustukönnun í sumar.

Sambærileg könnun meðal sjúklinga var gerð 2009 og eru niðurstöður kannananna mjög svipaðar eins og sjá má á grafinu hér til hægri. Á heildina litið finnst sjúklingum maturinn góður og þjónusta á deild, í tengslum við máltíðir, mjög góð. Sjúklingar hafa þó minni áhrif á hvaða máltíðir þeir fá miðað við síðustu könnun, sem eru niðurstöður sem koma á óvart þar sem eldhús hefur tekið í notkun nýtt pantanakerfi sem gerir deildum kleift að bjóða sjúklingum að velja á milli matseðla í hverri máltíð.

Sjúklingar telja matinn vera fjölbreyttan, hollan, henta veikindum sínum og telja hitastig, tímasetningu og skammtastærð vera viðeigandi. Morgunmatur er að fá bestu einkunn, síðdegishressing, fisk- og kjötréttir og eru að fá góða einkunn en grænmeti fær lægri einkunn. Eldri sjúklingar eru ánægðari með matinn en yngri. Ánægja með matinn er einnig tengd lengd dvalar og matarlyst. Eftir því sem matarlyst batnar eykst ánægja með matinn en ánægja minnkar heldur eftir því sem sjúklingar dvelja lengur á spítalanum. Maturinn er að fá bestu einkunn á Fossvogi og Landakoti, góða einkunn á Hringbraut en á Kleppi og Grensás eru sjúklingar að gefa matnum lægri einkunn.

Niðurstöður þessar verða nýttar til að bæta máltíðabjónustu við sjúklinga enn frekar. Það að bjóða sjúkling-



um að velja hvaða mat þeir vilja borða getur bætt næringarástand og líðan og ánægju sjúklinga og því viljum við skoða leiðir með það að markmiði með legudeildum.

Eldhús sendir kærar þakkir til allra starfsmanna LSH sem hjálpuðu við gerð þessarar könnunar. Til gamans fylgir hér ljóð sem við fengum sent með niðurstöðum eins sjúklingsins:

„Aðfinnslu ég enga finn,
ykkar vex því hróður.
Mér finnst hérna maturinn
mikill, bæði og góður.“

Allt á fullu í utanhúss- viðgerðum á Tunguhálsi

Nú stendur yfir mikil endurnýjun á ytra byrði bygginga á Tunguhálsi, í umsjón viðhaldsdeildar. Á norðurhlið hábyggingarinnar er skipt um glugga og gler og hliðin einangruð og klædd með málmklæðningu. Á lágbyggingunni, á þeim hluta sem næstur er hábyggingunni, er útbúin ný vatnsvörn á þaki með því að endurnýja þakpappa og bárujárnsklæðningu, enda er bárujárnsklæðningin á þessum hluta lágbyggingarinnar með því lélegasta sem þekkist hjá LSH, og er þó af ýmsu að taka í þeim efnum. Verkið hefur tafist vegna óhagstæðs veðurs en áætluð verklok eru í seinni hluta október.



Mannauðsnefndin tekin til starfa

Í kjölfar stefnumótunnar rekstrarsviðs fyrir árið 2013-2014 var tekin sú ákvörðun um að auka vægi mannaúðsmála á sviðinu. Liður í þeirri ákvörðun var að auka vægi mannaúðsráðgjafa sem og að stofna sérstaka mannaúðsnefnd sem myndi vinna náði með mannaúðsráðgjafa sviðsins að ýmsum verkefnum tengt mannaúðsmálum.

Nefndi hefur nú verið skipuð og eru í henni þau Ásdís Ingþórsdóttir frá fasteignadeild, Axel Skúlason frá viðhaldsdeild, Elías R Elíasson frá flutninga- og símaþjónustu, Elín María Jóhannsdóttir frá eldhúsi og matsölum, Tryggvi Jósteinson frá öryggisdeild, Vigdís Stefánsdóttir frá eldhúsi og matsölum og Þórný A Kristjánsdóttir frá skrifstofu framkvæmdastjóra. Þegar þetta er skrifað á eftir að skipa í nefndina fulltrúa frá þvottahúsi.

Meðlimur nefndarinnar eru tengiliður mannaúðsráðgjafa við hverja deild innan sviðsins og gefst þannig tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum frá starfsfólki sem snýr að mannaúðsmálum.

Nefndin hefur nú þegar hist og m.a. hafist handa við skipulagningu á fjölskyldudegi fyrir rekstrarsvið næsta sumar. Önnur verkefni sem koma til kasta nefndarinnar á næstunni eru m.a. gerð kynningar myndbands fyrir rekstrarsvið, skipulagning árlegs heilsuáttaks og greining á starfsaðstöðu starfsmanna.

Umhverfismál: Pappír er ekki rusl!



Kolla og félagar í iðjuþjálfuninni á Kleppi klárar að flokka í „bláa flokkinn“.

Nei, pappír og pappi er ekki rusl heldur mikilvægt hráefni sem notað er við framleiðslu á ýmsum vörum sem við notum flest í okkar daglegu lífi. Á Landspítala höfum við einsett okkur að stórauka flokkun og endurvinnslu á pappír og pappa með því að innleiða svokallaðan „bláan flokk“ fyrir allan pappír m.a. prentpappír, umslög, pappírsumbúðir og einnig minni pappambúðir t.d. lyfjaumbúðir og hreinar fernur. Stórir pappakassar eru áfram flokkaðir sér. Með þessum nýja flokki detta út flokkarnir „gæðapappír“ og „dagblöð/tímarit“.

Innleiðing flokksins hófst í maí og hefur hann nú verið innleiddur á um 50 starfseiningum m.a. á Kleppi, BUGL, Ármúla, Grensás, Landakoti, Tunguhálsi og Blóðbankanum.

Tölur um árangur benda til þess að óflokkaður úrgangur minnki umtalsvert efir innleiðingu bláa flokksins. Sem dæmi má nefna að á Kleppi minnkaði óflokkaður úrgangur milli apríl og maí um 1.000 kg eða 25%.

Nú heldur innleiðing flokksins áfram. Verið er að ljúka við að koma upp aðstöðu á öllum minni starfstöðvum spítalans. Um næstu mánaðamót verður blái flokkurinn innleiddur í Fossvogi og síðan endað á Hringbraut undir lok október. Nánari innleiðingarætlun verður auglýst á innri vef.

Ný tæki í þvottahúsið

Í þvottahúsinu á Tunguhálsi standa nú yfir framkvæmdir við breytingar á húsnæði vegna endurnýjunar 40 ára gamallar þvottavélar og þurrkara. Einnig er verið að setja upp flókinn samhæfingarbúnað sem tengir nýjar vélar við núverandi tækjasamstæðu (þvottavélar og þurrkara). Starfsmenn viðhaldsdeildar hafa undanfarið unnið að því að ná gömlu tækjunum út en þegar vinnan hófst við það var ekki laust við að það sæjust tár á hvarmi hjá þeim starfsmönnum sem starfað hafa hvað lengst í þvottahúsinu – rétt eins og verið væri að fylgja gömlum vinnufélaga til grafar eftir 40 ára dygga þjónustu. Jafnvel var haft á orði að veita þyrfti sumum áfallahjálp. En að öllu gríni slepptu þá er þetta mikil búbot og þessa dagana er verið að stilla nýja búnaðinn sem verður kominn í fulla notkun á næstu dögum. Á myndinni má sjá gömlu þvottavélina eftir að hafist var handa við að fjarlægja hana.

